

## **Kóra (koro) - karlmennskuveiran**

Í kínverskri menningu er sjúklegt ástand meðal karla nefnt kóra (koro). (Orðið (kura) er sótt til malæ (malay), tungumáls í suð-austur Asíu. Það merkir haus á skjaldböku, sem er dreginn inn í skelina.) Í sjúkdómaskrá norður-ameríska geðlæknafélagsins (Diagnostic Statistical Manual of Mental Disorders – DSM-5) er sjúkdómurinn kallaður reðurryrnun (shrinking penis), einnig þekktur sem „kynfærarýrnun“ (genital retraction syndrome). Kóra er einnig útbreidd í suð-austur Asíu, Taívan, Indónesíu, Taílandi og Indlandi. Hann þekktist raunar um víða veröld. Sóttin virðist ekki í rénum, heldur færast þvert á móti í aukana - farsótt líkust – einkum þegar um er að ræða samfélagslega upplausn eða óróa. (Á Vesturlöndum er ekki óalgennt, að karlar kvarti undan getuleysi, stinningarvandræðum og kynlöngunarskort.)

Hinn dæmigerði sjúklingur er veikgeðja, ungur karlmaður, ósjálfstæður og óöruggur í fasi, sem þykir kvíðvænlegt að takast á herðar skyldur karlmannsins, „karlmóðursýki.“

Sóttinni fylgir angist, kvíði, óþægindi frá hjarta, skjálfti og ótti við dauðann. Kórusjúklingar eru haldnir þeirri trú, að reðurinn sé að skreppa saman eða hverfa inn í búkinn, kyngetan að hverfa; að karlmennskan sé á flóttu. Sumir upplifa þverrandi manndóm við ósjálfráð sáðlát (spermatorrhea) og óþol, ásamt ónotum í húð skaufans (paresthesia). Aðrir trú á því, að kyn þeirra hverfist í kvenkyn eða þeir verði geldingar. Í Afríku sums staðar trú karlar því, að fyðli þeirra og kynfjóri hafi verið stolið með galdrabrogðum. Það hefur í einstöku tilvikum leitt til múgsefjunaraftöku hins grunaða.

Kórusóttin var rannsökuð á Taívan, þegar á árunum 1963 – 1965. Hennar gætti sérlega meðal ungra karla, sem áttu í vandræðum með að rísa undir kröfum fullorðinslífsins, gátu ekki séð fjölskyldum sínum farborða. „Svo fór að þeir misstu vinnu sína og drógu sig í hlé frá skelfilegum veruleika og hurfu á vit sjálfmiðaðrar ímyndunar. Þetta afturhvarf lýsti sér síðan táknað sem umbreytingareinkenni, þ.e. ofsahræðsla um upplausn og rýrnun reðursins. Í hnotskurn; kóra er karlmóðursýki, sem endurspeglar viðbrögð við stöðugri kröfu um „áorkunarkarlmennsku“ (performative manhood) ... (David D. Gilmore)

Meðal indverskra karla er greindur kyngetukvíði (virility anxiety), sem er eins konar karlsefasýki eða ótti um manndómsskort, getuskort. Til lækninga er notaður frjósemisvökvi, áþekkur sæði, úr eggjahvítu og mjólk.

Kyngetuótti karla er vissulega þekktur aftur um aldir í Evrópu. „Skemmtilega“ sögu er að finna í galdræfsóknahandbókinni frá 1486 (Malleus Maleficarum), eftir galdræfræðinganna, Heinrich Kramer (1430? – 1505) og James Sprenger (1435? – 1495). Þar segir svo frá, að ungur karlmaður varð heltekinn ótta sökum getuleysis. Taldi hann norn eina í þorpinu hafa lagt á sig slík álög, en sú hin sama neitaði sakargiftum. Söguhetjan tók það til bragðs, að ráfa inn á þorpskrána til að drekkja sorgum sínum. Það vildi honum til happs, að eldri kona ljáði honum eyra. Það stóð ekki á ráðgjöfinni: „Takist þér ekki að telja norninni hughvarf, verður þú að beita hæfilegu ofbeldi, svo þú megir endurheimta heilsu þína.“ Staulinn fór að ráðum drykkjufélaga síns, leitaði uppi nornina, tók hana hálstaki og herti að. Hún náði með erfiðismunum að stynja upp: „Slepptu mér, ég skal lækna þig.“ Að því búnu læddi hún höndunum milli fóta hans og gerði honum glingrur - og mælti: „Nú færðu það, sem þú þráir.“

Að svo búnu læknaðist söguhetjan af kórinni. (Sömu aðferð hafa íslenskar konur beitt til að sefa karla sína allt frá landnámi. Einu sinni var alsíða einnig að sefa drengi með kyngælum. Það heitir kynferðisleg misnotkun í dag.)

(Áþekkur sjúkdómur, kóru, getur einnig herjað á konur. Hræðsla um rýrnum geirvörtunnar er þá í fyrirrúmi.)

Sem ítarefni mæli ég með viðbrigðagóðri grein um efnið í Wikipedíu.

<https://www.bbc.com/future/article/20200604-what-we-can-learn-from-untranslatable-illnesses>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Koro\\_\(medicine\)](https://en.wikipedia.org/wiki/Koro_(medicine))

<http://www.malleusmaleficarum.org/part-ii-question-i-chapter-vii/>